

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2001

22. október 2001

2463

Nr. 787

REGLUGERÐ

um bann við humarveiðum við Surtsey.

1. gr.

Frá og með 23. október 2001 eru alla veiðar með humarvörpu óheimilar við Surtsey, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 63° 20'00 N – 21° 00'00 V
2. 63° 16'00 N – 20° 30'00 V
3. 63° 21'00 N – 20° 15'00 V
4. 63° 21'00 N – 20° 04'00 V
5. 63° 10'00 N – 20° 11'00 V
6. 63° 10'00 N – 21° 00'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.